



Forsætisnefnd

### **Kynning á nýju rannsóknar- og þróunarverkefni - AMIGOS**

Lagt fram til kynningar minnisblað um samstarfsverkefnið AMIGOS sem Reykjavíkurborg er aðili að og fékk styrk nýverið í gegnum Horizon Europe áætlunina.

Reykjavíkurborg hefur í nokkur ár unnið skipulega að því að auka þátttöku sína í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum með áherslu á Horizon-2020 og nú Horizon Europe áætlanirnar. Verkefnið er tilgreint í Græna Planinu undir kaflanum Vaxandi borg > 3. Ný atvinnutækifæri framtíðar > 5. Reykjavíkurborg tekur þátt í ýmis konar árangursríku klasasamstarfi og **alþjóðlegu nýsköpunar og rannsóknarsamstarfi**.

Þetta verkefni er hýst hjá Atvinnu- og borgarþróunarteymi á Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara en verður unnið í góðu samstarfi við þau fagsvið borgarinnar sem koma að hverjum verkþætti fyrir sig.

Þetta hefur gengið vel og hefur borgin hlotið styrk til þess að taka þátt í nokkrum stórum samstarfsverkefnum á undanförunum árum, PaCE, SPARCS og IMPULSE. **SPARCS** eða Sustainable energy Positive & zero cARbon CommunitieS er nýsköpunar- og þróunarverkefni (IA)<sup>1</sup> á sviði orkuskipta, sjálfbærni og kolefnishlutleysis þar sem borgir leita nýstárlegra lausna til þess að auka sjálfbærni. Samstarfsborgir eru m.a. Leipzig og Espoo. **IMPULSE** eða Identity Management in PUBlic SErvices er rannsóknar- og nýsköpunarverkefni (RIA)<sup>2</sup> um aðgengi að opinberri þjónustu og rafræn auðkenni í samhengi við gervigreind og bálkakeðjur. Samstarfsborgir eru m.a. Árósar og Gijón.

Nú í desember fékk borgin þær gleðilegu fréttir að henni sé boðið til samningaviðræðna um verkefnið AMIGOS eða Active Mobility Innovations for Green and safe city sOLutionS, en það snýr að rannsóknnum á öryggi ólíkra vegfarenda og ferðamáta í kringum samgöngukjarna og verður þróun svæðisins á Hlemmi og þar í nágrenni helsta viðfangsefni Reykjavíkurborgar í samstarfinu.

Kostnaður við verkefnið í heild hljóðar upp á 9,355,503 evrur eða tæplega 1.5 milljarða króna.

Það eru 28 þátttökuaðilar í verkefninu frá 16 löndum, meðal annars stórborgir á borð við Istanbul, Hamburg og Lappeenranta.

Styrkur til þátttöku Reykjavíkurborgar er € 493,354.

Virðingarfyllst,  
Óli Örn Eiríksson  
Miðlæg stjórnsýsla

Samrit:

Hjálagt: Minnisblað um AMIGOS verkefnið

---

<sup>1</sup> IA = Innovation Action

<sup>2</sup> RIA = Research and Innovation Action



## Active Mobility Innovations for Green and safe city sOlutionS (AMIGOS)

Boðið út undir Horizon Europe leiðangrinum: “Climate neutral and smart cities”

Þema: “Designing inclusive, safe, affordable and sustainable urban mobility”

Í samstarfi við “European Institute of Innovation and Technology” (EIT)  
og “Knowledge and Innovation Communities” (KIC) á vegum EIT.<sup>3</sup>

### Samstarfsaðilar og fjármögnun:

**Verkefni til 4ra ára** – 28 samstarfsaðilar (háskólar, stofnanir, fyrirtæki) í 16 löndum Evrópu og víðar

**5 borgir, lifandi rannsóknarstofur (Living Labs (LL) ):**

*Hamburg (DE), Las Rozas (SP), Lappeenranta (FI), Istanbul (TR), Gabrovo (BG)*

**10 borgarsvæði fyrir bætt umferðaröryggi (Safety Improvement Areas (SIA) ):**

*Hamburg (DE), Bologna (IT), Lappeenranta (FI), Reykjavík (IS), Las Rozas (SP), Gabrovo (BG), Jūrmala (LV) Istanbul (TR), Ankara (TR), Nazareth (IL)*

**3 Digital Twins (borgarhermar):**

*Las Rozas (SP) – sjá og spá fyrir um sambúð mismunandi ferðamáta*

*Gabrovo (GB) – sjá fyrir og styðja við umferðarstjórnun*

*Ekki staðfest (RVK?) – hermun á 1 SIA til að sjá fyrir og styðja við öryggissjónarmið*

**Styrkbeiðni til handa Reykjavíkurborg** **493,354 €**

Heildarstyrkbeiðni til Framkv.stj. ESB 9,355,503 €

### Meginmarkmið og helstu efnistösk AMIGOS:

Ná utanum megin áskoranir í samgöngum innan borgalanda, útfæra nálganir á öruggum, ódýrum og sjálfbærum lausnum sem skilja engan útundan (þ.m.t. aldraða, fatlaða og ungmenni). Draga saman nýstárlegar tæknilausnir, samsköpunar- og samráðsaðferðir til að skoða og meta sviðsmyndir sem ætlað er að hvetja til virkra ferðamáta, minnka bílaumferð og stilla saman skörun ólíkra kosta á sanngjarnan og öruggan hátt.

Eins og kemur fram í yfirliti yfir 7 helstu markmið AMIGOS, þá mun verkefnið:

1. þróa og prófa samsköpunaraðferðir til að hanna sjálfbærar lausnir með þátttöku ólíkra hagaðila, sérstaklega “viðkvæmra vegfarenda”;
2. hámarka notkun almenningsgangna og skapa hvata fyrir virka samgöngumáta í **5 LL**;
3. koma jafnvægi á almenningsrými í **5 LL** og **10 SIA**, með betri hagræðingu og til samræmis við þarfir hagaðila;
4. bæta sambúð ólíkra ferðamáta í **5 LL**;
5. bæta öryggi og lífsgæði íbúa (og gesta) í **10 SIA**, sérstaklega viðkvæmra vegfarenda;

<sup>3</sup> [EIT Urban Mobility](#), [EIT Digital](#), [EIT Climate-KIC](#) og [EIT Health](#).



6. meta skilvirkni samgöngulausna sem þróaðar eru með tilliti til öryggis, seiglu og nýstárlegra ferða- og flutningsmáta, og gera ráðstafanir til að byggja upp færni;
7. sýna fram á endurtekningargæfi virkra samgöngulausna og gera ráðstafanir til að byggja upp færni.

Samsetning aðferða til að skila þessum markmiðun samanstandur af markvissri söfnun tölulegra gagna (mobility data – historical, mobile, observational) og gagnaúrvinnslu (big data platform, digital twinning and modelling), ásamt listtengdri samsköpun með hagaðilum (gaming) með að markmiði að byggja upp svo-kallað “Urban Mobility Toolbox” sem gæti þjónað í framtíðinni pólitískri stefnumótun og aðgerðaráætlunum í borgarsamgöngum.

### **Hlutverk Reykjavíkurborgar (38 PM *mannmánuðir*):**

Að vera ein af **10 SIA** og halda utanum umferðaröryggissvæði á Hlemmi og þar í kring í kjölfar umbreytinga á svæðinu. Aðkoma borgarinnar snýr til dæmis að frumgreiningu og útfærslu á þátttöku hagaðila og aðferðafræði samsköpunar um heildstæð borgarlíkön. Hún snýr að eiginlegum könnunum og greiningu almennt, undirbúningi á innleiðingu lausna, prófunum og mælingum á árangursþáttum sem tengjast þeim, svo sem mati á umhverfis-, öryggis-, efnahagslegum, félagslegum og heilsufarslegum áhrifum. Hún snýr einnig að miðlun lausna, samskiptum og skoðun á samlegðaráhrifum í samstarfi við skyld verkefni.

### **Ávinningur fyrir Reykjavíkurborg og aðkoma ólíkra sviða:**

Meginmarkmið og framkvæmd AMIGOS mun styðja við aðgerðaráætlanir Græna Plansins um kolefnishlutleysi, grænar samgöngur, 15-mínútna hverfi og áherslur á lýðheilsu, samfélag án aðgreiningar, lýðræðislega þátttöku, stafræna vegferð og notendamiðaða þjónustu. Það mun þá einnig styðja við velferðar- og lýðræðisstefnur borgarinnar að því leyti sem svæðið í kringum Hlemm mun verða skoðað og metið með tilliti til aðgengismála, öryggis og heilsufarslegra áhrifa, og mun byggja markvisst á þátttöku hagaðila í samsköpunarverkstæðum.

Þátttaka í verkefninu í heild mun kalla á samstarf við PON, USK og VEL að því leyti sem einstakir verkþættir falla mjög skýrt að starfsemi þessara sviða og eðlilegt að þau komi að úrlausn þeirra þátta. Þá er þátttaka í AMIGOS tilefni til bæði lýðheilsu- og stjórnáhrifanna og munu umsjónaraðilar verkefnisins í Reykjavík leita til HÍ með aðkomu rannsóknarnema í því sambandi.

F.h. AMIGOS hjá Reykjavíkurborg,  
Kristrún Th. Gunnarsdóttir